



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER  
HÖFÐATORGI

18. JÚNÍ 2019

Málsnr.: USK2019060033

Bréfalykill:

Reykjavík, 12. júní 2019  
R19060050  
bp

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

### *Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna áfengisverslunar*

Á fundi borgarstjórnar þann 4. júní 2019 var samþykkt að vísa svohljóðandi ályktunartillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til umsagnar skipulags- og samgönguráðs, velferðarráðs og skóla- og frístundaráðs:

Borgarstjórn skorar á Alþingi að afnema einokun ríkisins á áfengissölu, ekki síst vegna þess að aukið frelsi í smásöluverslun með áfengi mun styðja við hverfisverslun og efla nærþjónustu í hverfum Reykjavíkur. Styður slík þróun við markmið aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbær hverfi en verslun með áfengi í hverfisverslunum mun gera umhverfi daglegrar verslunar hverfisvæddara með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti.

Það tilkynnist hér með.

Umsögn óskast send skrifstofu borgarstjórnar.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Samrit:  
Skóla- og frístundaráð  
Velferðarráð

**BORGARSTJÓRN 4. júní 2019: Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks vegna áfengisverslunar - R19060050**

Borgarstjórn skorar á Alþingi að afnema einokun ríkisins á áfengissölu, ekki síst vegna þess að aukið frelsi í smásöluverslun með áfengi mun styðja við hverfisverslun og efla nærþjónustu í hverfum Reykjavíkur. Styður slík þróun við markmið aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbær hverfi en verslun með áfengi í hverfisverslunum mun gera umhverfi daglegrar verslunar hverfisvæddara, með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti.

**Greinargerð**

Með aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) hefur borgin sett sér markmið um aukna hverfisverslun og sjálfbærni hverfa. Leggur aðalskipulagið áherslu á að dagvöru- og matvöruverslanir verði staðsettar innan hverfa enda dragi slíkt úr þörf fólks til að ferðast með bifreið. Er það skýrt markmið AR2010-2030 að efla verslun og þjónustu innan íbúðarhverfanna þannig að sem flestir geti nýtt sér daglega verslun og þjónustu fótgangandi eða hjólandi. Almennt verði dregið úr vegalengdum að vinnu eða þjónustu. Tilgangur slíkra markmiða er að gera hverfin sjálfbærari, ýta undir fjölbreyttara mannlíf innan þeirra, styðja við vistvænar samgöngur og létta á umferðarálagi.

Þessi markmið koma einkum fram í kaflanum um Kaupmanninn á horninu. Þar segir m.a.: „Í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skal vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni, þannig að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis.“ (bls. 169). Þar segir einnig: „Matvöruverslanir og aðrar dagvöruverslanir verði fyrst og fremst staðsettar innan skilgreindra borgarhlutakjarna, hverfiskjarna og nærþjónustukjarna. Minni dagvöruverslanir geta einnig verið heimilar við aðalgötur innan íbúðarhverfa.“ (bls. 169). Í markmiðum í kaflanum Vistvænni samgöngur segir enn fremur: „Skipulag byggðar leiði til styttri vegalengda, dragi úr ferðaþörf og þörf fyrir umfangsmikil samgöngumannvirki.“

Þann 5. desember 2014 veitti umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur umsögn um áfengisfrumvarp sem miðaði að auknu frelsi á áfengismarkaði. Í umsögninni þótti óumdeilt að bætt aðgengi að algengri neysluvöru líkt og áfengi, með þeim hætti að fleiri gætu nálgast vöruna án bifreiðar, samræmdist vel þeim markmiðum aðalskipulags að gera hverfi borgarinnar sjálfbærari.

Áfengi er algeng neysluvara og eru innkaup á því hluti af neyslumynstri fjölda borgarbúa. Illa staðsettar áfengisverslanir ríkisins leiða til þess að fólk ferðast utan hverfis í leit að vörunni. Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs sagði einnig eftirfarandi:

„Bætt aðgengi að þessum neysluvarningi, í formi fjölgunar staða sem hægt er að gera innkaup á áfengi, samræmist því vel þeim markmiðum sem gerð er grein fyrir hér að ofan. Í Reykjavík eru aðeins 7 vínbúðir og eru 17.300 íbúar um hverja búð. Til samanburðar eru 2.300 íbúar í baklandi vínbúðarinnar í Hveragerði. Íbúar í Reykjavík sem eru í göngufæri (400 m) við þessar 7 vínbúðir, auk búðarinnar á Eiðistorgi, eru aðeins 3.500. Vínbúðirnar eru heldur ekki markvisst staðsettar í grennd við kjarna sem þjóna ákveðnum hverfum eða borgarhlutum. Til samanburðar eru yfir 50.000 Reykvíkingar í göngufæri við matvörubúð sem selur neysluvarning í öllum helstu vöruflokkum, sem þó getur ekki talist ásættanlegt hlutfall.“

Í dag fer áfengissala fram á einokunarmarkaði. Helstu rökin með einokun ríkisins á áfengissölu byggja á lýðheilsusjónarmiðum. Þar virðist gleymast að ríkiseinokun er ekki besta leiðin til að lágmarka skaðleg áhrif áfengisneyslu. Undanfarin ár hefur aðgengi að áfengi aukist með fjölgun áfengisverslana og lengdum opnunartíma. Samt sem áður hefur áfengisneysla ungmenna dregist verulega saman. Það er afleiðing af árangursríkustu leiðinni, forvarnarstarfi, ekki takmörkun á einstaklingsfrelsi og atvinnufrelsi.

Reynslan af íslenskum smásöllumarkaði hefur sýnt að aukið frelsi í verslunarrekstri stuðlar að kjarabótum fyrir neytendur enda einkaaðilar betur til þess fallnir að stunda atvinnurekstur en hið opinbera. Hið opinbera ætti því ávallt að láta af rekstri sem einkaaðilar geta sinnt með hagkvæmari hætti.

Reglulega liggur fyrir Alþingi svokallað áfengisfrumvarp, í einni eða annarri mynd, en það miðar ávallt að því að auka frelsi í smásöluverslun með áfengi. Nú liggur fyrir þinginu nýtt áfengisfrumvarp, umræðu um frumvarpið er ekki lokið og því ekki útséð um endanlega útfærslu. Þó er ljóst, enn sem fyrr, að verslun með áfengi í hverfisverslunum mun sannarlega stuðla að því markmiði aðalskipulags að gera umhverfi daglegrar verslunar hverfisvæddara, með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti. Því hlýtur vilji borgarstjórnar að standa til þess að stuðla að framgangi markmiða aðalskipulagsins og hvetja Alþingi til að auka frelsi á áfengismarkaði.



Reykjavík, 29. nóvember 2019

**Mál:** Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna áfengisverslunar

Vísað er til erindis frá skrifstofu borgarstjórnar frá 12. júní 2019, varðandi umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar þann 4. júní 2019. Í tillögu borgarfulltrúanna segir: „Borgarstjórn skorar á Alþingi að afnema einokun ríkisins á áfengissölu, ekki síst vegna þess að aukið frelsi í smásöluverslun með áfengi mun styðja við hverfisverslun og efla nærþjónustu í hverfum Reykjavíkur. Styður slík þróun við markmið aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbær hverfi en verslun með áfengi í hverfisverslunum mun gera umhverfi daglegrar verslunar hverfisvæddara með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti“.

Eins og kemur fram í greinargerð með tillögunni, eru í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030) skýr markmið um að efla verslun og þjónustu innan íbúðarhverfanna, að sem flestir geti nýtt sér verslun og þjónustu innan síns hverfis og almennt verði dregið úr vegalengdum hvort sem verið er að sækja vinnu eða þjónustu. Tilgangur slíkra markmiða er að gera hverfin sjálfbærari, ýta undir fjölbreyttara mannlíf innan þeirra, styðja við vistvænar samgöngur, létta á umferðarálagi og stuðla að bættri lýðheilsu. Þessi markmið koma einkum fram í kaflanum um *Kaupmanninn á horninu*. Þar segir m.a.: „Í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skal vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni, þannig að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis.“ (bls. 169). Þar segir einnig: „Matvöruverslanir og aðrar dagvöruverslanir verði fyrst og fremst staðsettar innan skilgreindra borgarhlutakjarna, hverfiskjarna og nærþjónustukjarna. Minni dagvöruverslanir geta einnig verið heimilar við aðalgötur innan íbúðarhverfa.“ (bls. 169). Í markmiðum í kaflanum *Vistvænni samgöngur*, segir enn fremur: „Skipulag byggðar leiði til styttri vegalengda, dragi úr ferðaþörf og þörf fyrir umfangsmikil samgöngumannvirki.“ Síðan þessi markmið AR2010-2030 voru samþykkt af borgaryfirvöldum í lok árs 2013, er orðið enn brýnna að draga úr akstursvegalengdum, fækka óþarfa bílferðum og styðja við vistvæna ferðamáta innan borgarinnar, meðal annars til að mögulegt verði að standa við markmið Loftslagsstefnu borgarinnar sem samþykkt var 2016.

Vín og annað áfengi er neysluvarningur og innkaup á því er hluti af neyslumynstri stórs hluta borgarbúa. Bætt aðgengi að þessum neysluvarningi, óháð öðrum sjónarmiðum, í formi fjölgunar staða sem hægt er að gera innkaup á áfengi, samræmist því almennt þeim markmiðum sem gerð er grein fyrir hér að ofan. Með stefnu borgaryfirvalda um matvöruverslanir hefur verið reynt að ýta undir fjölgun þeirra, betri dreifingu og staðsetningu þeirra innan íbúðarhverfanna eða í nærliggjandi kjörnum. Ein forsenda þess er að rekstrareiningar verði minni og horfið verði almennt frá stórmarkaðshugsuninni. Þessi stefna hefur þegar haft sín áhrif á helstu rekstraraðila í matvöruverslun og leitt til smærri eininga í lágvöruverslunum, sem auðveldar er að fella að byggðamynstri íbúðarhverfanna. Borgaryfirvöld og sveitarstjórnir almennt hafa þannig tök á að stýra og hafa áhrif á framboð og dreifingu verslunar og þjónustu innan síns sveitarfélags, á grundvelli samþykktu í skipulagsáætlunum. Það sama hefur ekki átt við um staðsetningu og dreifingu vínbúða í Reykjavík og öðrum sveitarfélögum, sem ofast nær hafa verið staðsettar í litlu samráði sveitarstjórnir

Það er því brýnt að tryggja aukna aðkoma sveitarfélaga að staðsetningu og fyrirkomulagi verslunar með áfengi, hvort sem verslunin er áfram á hendi ríkisins eða einkaaðila, bæði til að tryggja framgang ofangreindra skipulagslegra markmið og gæta að lýðheilsusjónarmiðum. Minni rekstrareiningar vínbúða og þar með fleiri, sem markvisst væru staðsettar í fjölbreyttum þjónustu- og atvinnukjörnum, þar sem vel er stutt við vistvæna ferðamáta, rímar vel við ofan greind markmið um sjálfbæra borgarþróun. Ekki er tekin afstaða til þess hér, hvort afnám einkaleyfis ríkisins á sölu áfengis, gæti eitt og sér greitt fyrir slíkri þróun, en það er vert að skoða núverandi löggjöf sérstaklega með tilliti til aukinnar aðkomu sveitarfélaga að staðsetningu vínbúða innan síns þéttbýlis.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint fram komin þessi umsögn er.

Haraldur Sigurðsson